

## Námsáætlun í dönsku í 7. Bekk Haust 2016

Tímabil: Haust

kennslustundir á viku 3

Kennari: Inga Sigrún Matthíasdóttir

### Markmið

---

#### Nemandi:

**Hlustun** : Geti skilið þegar við hann er talað á skýru og einföldu máli um efni sem tengist viðfangsefni hans og geti brugðist við með orðum eða athöfnum. Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum og fylgt einföldu efni úr myndmiðlum.

**Lestur** : geti lesið stuttan texta án þess að skilja hann til fullnustu í þeim tilgangi að finna í honum ákveðnar upplýsingar. Geti áttað sig á megininnihaldi í lengri texta sem skrifaður er á léttu máli og með orðaforða sem unnið hefur verið með. Lesið sér til gagns og gamans einfaldar bækur.

**Talað mál**: Geti heilsað, kynnt sig, þakkað fyrir og kvatt. Spurt og svarað á einfaldan hátt. Geti unnið samtalsæfingar .Geti myndað og svarað einföldum spurningum út frá orðaforða sem tengjast viðfangsefninu. Geti sagt í stuttu, einföldu máli frá efni sem hefur verið fjallað um.

**Ritun**: Geti skrifað stök orð og stuttar setningar úr orðaforða sem unnið hefur verið með. Geti stafsett orð og ritað á einfaldan hátt um það sem næst honum er. Geti skrifað einföld skilaboð og tölvupóst. Geti samið texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda o.flþ

**Námsgögn**: Start , lesbækur , vinnubækur, ítarefni frá kennara, tölvur.

**Kennslutilhögun**: einstaklingsnám, paravinna, hópavinna. Farið verður vel í texta í þriðjudagstímum og svo unnið út frá honum í hinum tímunum.

### Inntak

---

**Málfræði:** Nafnorð, greini, persónuorð, orðabækur, nútíð, þátíð.

**Ritun:** Einfaldar textagerðir, sendibréf, skilaboð, samfelldur texti.

**Hlustun:** Venjuleg fyrirmæli og leiðbeiningar, aðalatriði í einföldum samtölum.

**Talað mál:** Réttur framburður , biðja um leyfi, samtal, einfaldar setningar, heilsa.

**Lestur:** Stuttir textar, megininnihald lengri texta, hraðlestur.

### **Kennsluaðferðir og skipulag**

Unnið með lesbækur, vinnubækur, orðabækur, spjaldtölvur. Paravinna og einstaklingsvinna. Þemaverkefni unnið í tengslum við þemu hvers kafla.

**Námsmat :** Ástundun 30%, kaflapróf 50%, vinnubækur 20%

<b>Tímabil</b>	<b>Dagar</b>	<b>Námsefni</b>	<b>Viðfangsefni</b>	<b>Kennsluaðferðir, vinnubrögð</b>
Vika 1	3	Start, lesbók og vinnubók	Kynning , orðabókarverkefni	Töflukennsla, innlögn og umræður
Vika 2	3	Start, lesbók og vinnubók.	Hvem er jeg, bls 3.	Einstaklings-og paravinna
Vika 3	3	Start, lesbók og vinnubók	Hvor kommer du fra, bls 4 Þemavinna (dúkkulísa)	Einstaklings-og paravinna
Vika 4	3	Start, lesbók og vinnubók	Min krop bls 6	Einstaklings-og paravinna
Vika 5	3	Start, lesbók og vinnubók	Min krop bls 6	Einstaklings-og paravinna

Vika 6	3	Start, lesbók og vinnubók	Se min krop bls 8- sagnapróf	Einstaklings-og paravinna
Vika 7	3	Start, lesbók og vinnubók	Tøj og farver bls 12.	Einstaklings-og paravinna
Vika 8	3	Start, lesbók og vinnubók	Tøj og farver bls 12	Einstaklings-og paravinna
Vika 9	3	Start, lesbók og vinnubók	Se mit tøj A bls 14	Einstaklings-og paravinna
Vika 10	3	Start, lesbók og vinnubók	Se mit tøj B bls16	Einstaklings-og paravinna
Vika 11	3	Start, lesbók og vinnubók	Dagene bls18	Einstaklings-og paravinna
Vika 12	3	Start, lesbók og vinnubók	Familien –kaflapróf bls 19	Einstaklings-og paravinna
Vika 13	3	Start, lesbók og vinnubók	Familien bls19	Einstaklings-og paravinna
Vika 14	3	Start, lesbók og vinnubók	De fire arstider bls 24	Einstaklings-og paravinna
Vika 15	3	Start, lesbók og vinnubók	Jólapróf	
Vika 16	3	Start, lesbók og vinnubók	Jólaverkefni	Einstaklings-og paravinna

